


Kirkjugarður Hafnarfjarðar – norðurhluti

Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi

Samkvæmt. 1 mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010

Inngangur

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt, að beiðni fulltrúa kirkjugarðsins, að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir stækkun Kirkjugarðs Hafnarfjarðar á svæði milli Stekkjarkinnar og Reykjanesbrautar. Núverandi kirkjugarður mun ekki endast í mörg ár í viðbót og því kominn tími á að skipuleggja stækkunarsvæðið.



Úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025

Staðhættir

Skipulagssvæðið er um 3 ha að stærð og afmarkast í austri af Reykjanesbraut, Gömlu Reykjanesbraut í norðvestur og Kaldárselsvegi í suðvestur. Skipulagssvæðið er í dag óræktarsvæði sem verktakar nýttu þegar unnið var að færslu Reykjanesbrautar. Þar voru áður tún og kartöflugarðar. Svæðið hefur verið skoðað með tilliti til fornminja og eru engar fornminjar á því.

Í gildi er Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025, staðfest 18.05.2007. Í því er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins á þessu svæði og verður deiliskipulagið því í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Aðliggjandi deiliskipulög eru:

- Reykjanesbraut frá Fjarðarhrauni að Ásbraut, samþykkt/staðfest 08.07.2004
- Kinnar, samþykkt/staðfest 26.07.2007
- Öldutúnsskóli og nágrenni, samþykkt/staðfest 17.03.2009

Lýsing

Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja stækkunarsvæði kirkjugarðsins. Gert er ráð fyrir að stærstur hluti svæðisins verði fyrir leiði en áætlað er að það bætist við um 2000- 2.500 grafarstæði. Einnig er gert ráð fyrir duftreitum og þjónustusvæði fyrir starfsmenn. Norðvestanmegin við kirkjugarðinn er gert ráð fyrir bílastæðum og hjólastíg.

Skipulagsferli, drög að tímaáætlun, kynning og samráð

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

31. okt. 2012 Skipulags- og byggingarráð taka skipulagslýsinguna til umfjöllunar.

7. nóv. 2012 Bæjarstjórn tekur skipulagslýsinguna til umfjöllunar.

10. nóv. 2012 Skipulagslýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annara umsagnaraðila. Skipulagslýsing kynnt almenningi með auglýsingu í blöðum og á heimasíðu bæjarfélagsins. Gögn verða aðgengileg á skrifstofu og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Tekið verður við athugasemdum vegna skipulagslýsingarinnar fram til **15. des. 2012**.

Janúar 2013 Tillaga að deiliskipulagi til kynningar í skipulags- og byggingarráði og síðar í bæjarstjórn.

Janúar 2013 Kynningarfundur fyrir íbúa skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123 2010.

Febrúar 2013 Tillaga að deiliskipulagi til afgreiðslu í skipulags- og byggingarráði og síðan í bæjarstjórn.

Febrúar 2013 Tillaga að deiliskipulagi auglýst skv 41. gr. skipulagslaga nr. 123 2010 og lögð fram til kynningar í 6 vikur. Á þessum tíma er hægt að koma á framfæri athugasemdum. Samtímis er umsagnaraðilum send tillagan til athugunar.

Apríl 2013 Umfjöllun athugasemda og endanleg tillaga afgreidd í skipulags- og byggingarráði og síðan í bæjarstjórn. Tillagan auk samantektar á málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum send Skipulagsstofnun til athugunar.

Mái 2013 Staðfesting Skipulagsstofnunar og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, gildistaka deiliskipulags áætlað í maí 2013.

Helstu samráðs- og umsagnaraðilar

Skipulagslýsingin verður send til eftirfarandi samráðs- og umsagnaraðila: Skipulagsstofnun, Skipulagsnefnd Kirkjugarða, stjórn Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.